

Heilbrigðisráðherra

Svandís Svavarsdóttir

Velferðarráðuneytinu

Skógarhlíð 6

105 Reykjavík

Ósk um nánara samstarf og samfellu á milli frjálsra úrræða á geðheilbrigðissviði, heilsugæslu og félagsþjónustu á höfuðborgarsvæðinu.

Undirritaðir eru fulltrúar úrræða í *Samráðsvettvangi geðúrræða á höfuðborgarsvæðinu*. Vettvangurinn felur í sér samstarf samtaka og úrræða fyrir fólk með geðræna erfiðleika í Reykjavík og nágrennanabyggðarlögunum. Markmið vettvangsins er að efla samvinnu, stuðla að samfellu og skapa yfirsýn yfir starfsemina hverju sinni. Geðhjálp heldur utan um vinnu samráðsvettvangsins og eru fulltrúar í vettvangnum alla jafna tveir frá hverju úrræði, notandi og starfsmaður, oftast forstöðumaður/kona.

Með þessu bréfi býður samráðsvettvangurinn fram þekkingu sína, vilja til samvinnu og hugmyndir til að stuðla að heildstæðari þjónustu innan málaflokksins. Samfara aukinni áherslu á þverfaglega nálgun innan heilsugæslunnar og stofnunar þriggja heilsugæsluteyma skapast svigrúm til aukinnar samvinnu og samfellu á milli ólíkra úrræða, heilsugæslu og félagsþjónustu. Vettvangurinn lýsir yfir eindregnum vilja til að koma að þessari þróun og stuðla þannig að heildstæðari þjónustu þar sem einn einstaklingur heldur utan um þjónustu við hvern skjólstæðing innan heildarkerfisins.

Með hliðsjón af því að opinbert fjárframlag er mikilvægur liður í fjármögnun margra úrræða teljum við okkur ekki aðeins ljúft heldur einnig skylt að stuðla að samvinnu milli þjónustuaðila og viljum gjarnan leggja okkar að mörkum í virkara samstarfi við aðila í opinberri þjónustu.

Fulltrúar vettvangsins eru reiðubúnir til að funda með stjórnvöldum og/eða öðrum fulltrúum heilbrigðisyfirvalda um hugmyndir og frekari útfærslu samstarfsins. Hægt er að hafa samband við tengilið vettvangsins, Önnu Gunnhildi Ólafsdóttur, í gegnum netfangið ago@gedhjalp.is

Virðingarfyllst fyrir hönd samráðsvettvangs geóúrræðanna á höfuborgarsvæðinu, fulltrúar Dvalar í Kópavogi, Geðhjálpur, Geðverndarfélags Íslands, Handarinnar, Hlutverkaseturs, Klúbbsins Geysis, Lækjar í Hafnafirði og Vinjar í Reykjavík